



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Bakkaborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	4
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
2.1	Innra mat.....	5
2.2	Ytra mat.....	7
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	8
4.	Starfsþróunarsamtöl.....	9
5.	Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	9
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
7.	Foreldrasamstarf	11
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	12
9.	Þróunarverkefni.....	12
10.	Fylgiskjöl:	13
10.1	Innra mat Bakka 2025-2026.....	13
10.2	Umbótaáætlun Bakka 2026-2027	14
10.3	Innra mat Álfrólá 2025-2026	17
10.4	Umbótaáætlun Álfrólá 2026-2027.....	18
10.5	Innra mat Dvergasteins 2025-2026.....	20
10.6	Umbótaáætlun Dvergasteins 2026-2027.....	22
10.7	Innra mat Trölladyngju 2025-2026	25
10.8	Umbótaáætlun Trölladyngju 2026-2027.....	27
10.9	Innra mat Skessubólss 2025-2026.....	31
10.10	Umbótaáætlun Skessubólss 2026-2027.....	33
10.11	Innra mat – Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2025-2026	36
10.12	Umbótaáætlun fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	37
10.13	Umsögn foreldraráðs.....	41







1. Greinargerð leikskólastjóra

Nú er enn eitt skólaárið að renna sitt skeið og líkt og árin áður hefur gengið mjög vel og erum við stolt af starfinu sem unnið er í leikskólanum. Við erum glöð með starfsmannahópinn sem vinnur vel saman og lítið er um fjarveru sem skilar ánægju meðal starfsmanna, barna og foreldra. Líkt og árin áður hefur undirbúningstími starfsmanna ávallt haldist og starfsemi leikskólans verið óskert.

Í Bakkaborg er mikil fjölmennung þar sem rúmlega 60% barna er af erlendum uppruna. Við lögðum ríka áherslu á íslenskukennslu bæði fyrir börn og starfsmenn sem hefur skilað sér í aukinni færni í íslensku máli. Með það að leiðarljósi þá höfum við farið vel yfir bókakost leikskólans, endurnýjað bækur sem komnar voru á tíma og bætt við nýjum og fjölbreyttum bókum.

Á síðastliðnum mánuðum höfum við farið í ýmsar endurbætur á innanstokksmunum leikskólans og endurnýjað mikið af húsgögnum og leikföngum sem voru komin til ára sinna, auk þess sem byrjað var á viðhaldi utanhúss. Starfsmenn eru ánægðir með breytingarnar og þær hafa haft góð áhrif í starfsmanna- og barnahópnum.

Í apríl fóru 34 starfsmenn í námsferð til Tallin í Eistlandi og Helsinki í Finnlandi. Ferðin tókst með eindæmum vel og það voru glaðir starfsmenn sem mættu í vinnu á mánudeginum eftir ferðina. Við fengum fræðslu um leikskólastigið í Finnlandi, hvernig sé að eiga börn í leikskólum í finnska skólakerfinu og hvernig Finnar taka á móti fjöltyngdum nemendum. Þegar til Eistlands var komið fengum við kynningu á menntastefnu Eistlands með áherslu á leikskólastigið. Eftir það fórum við í tvo leikskóla þar sem við fengum kynningu á starfi skólanna og fylgdumst með eistneskum kollegum í sínu starfi. Það var skemmtilegt að sjá og bera saman hvernig leikskólar og leikskólastarf í Eistlandi er ólíkt Íslandi, og má þar nefna dæmi að margir af nýjum leikskólum í Eistlandi eru með sundlaug og sauna.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Félagsleg staða barna
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum með skráningalista frá KVAN
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk deilda
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsfólki fannst árangursríkt að nota þessa lista til að sjá og fylgjast með félagslegri stöðu barnanna á deildunum. Styrkleikar eru að finna börnin og geta styrkt þau í leik og starfi. Tækifæri eru til að vera virkari og fylgja betur eftir áætlunum fyrir börn sem þurfa félagslegan stuðning.

Hvað var metið?	Samskipti kennara við börn
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum með skráningalista frá KVAN
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk deilda
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsfólk fór yfir hversu mikil samskipti þau áttu við börnin. Metið var magn og tegund samskipta. Starfsmenn settu sér markmið um fleiri jákvæð samskipti við þau börn sem höfðu fengið minnst af þeim. Tækifæri til umbóta er að efla enn frekar jákvæð samskipti við börnin.





Hvað var matið?	Söngstundir
Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjórafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Söngstundir tókust vel en það vantaði upp á skipulag. Tækifæri til umbóta er að tengja söngstundir við viðburðadaga og setja þær á skóladagatalið. Hver deild sjái um eina söngstund á skólaárinu.

Hvað var matið?	Útskrift elstu barna
Hvernig fór matið fram?	Á Skessubóli
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn og börn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Útskrift elstu barna gekk nokkuð vel fyrir sig. Útskriftarathöfnin sjálf fór fram í Breiðholtsskóla og er það nýlunda en athöfnin hefur verið á leikskólanum síðustu ár. Börnin tóku við full mikið af gjöfum á sviðinu og mætti fækka þeim. Börnunum og aðstandendum var svo boðið í veitingar á kaffistofu skólans en þar hefði mátt kaupa meira af ósætum veitingum. Útskriftarferð barnanna var degi eftir útskriftina og var farið í VáVá barnaklúbb, pítsu og keilu. Ferðin gekk mjög vel en hugsanlega er klukkutími af keiluspili of langur tími fyrir svona ung börn. Einnig var þetta töluvert mikil innivera og verða aðrir valkostir skoðaðir fyrir næsta ár.

Hvað var matið?	Lestraráttak
Hvernig fór matið fram?	Heildarlestrartími yfir tímabilið, talið út frá fjölda hringja á lestrarormi starfsfólks.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn





Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Í tveggja vikna lestrarátaki apríl 2026 var samtals lesið í 2550 mínútur, sem er 1070 mínútum meira en í lestrarátakinu á sama tíma árið áður. Helsta breyting milli ára fólst í að í ár var sett upp samkeppni milli deilda og fékk sigurveildin viðurkenningu og farandbikar í verðlaun, sem var mikil hvatning til starfsfólks, og verður því haldið áfram.
---	--

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsmanna
Hvernig fór matið fram?	Könnun send í tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almenn ánægja er í starfsmannahóp Bakkaborgar. Meðal styrkleika eru að starfsfólki finnst það hafa skýr mörk á milli einkalífs og vinnu. Flestum finnst þeir fá frí þegar þeir óska eftir því. Tækifæri til umbóta er að styrkja starfsanda hjá starfsmönnum og stjórnun.

Hvað var metið?	Fagumhverfiskönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun send í tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almennt séð kemur leikskólinn Bakkaborg mjög vel út í flestum þáttum. Tækifæri til umbóta er að bæta þekkingu á sérþörfum barna, fjölmenningu og fjöltyngi og fagþekkingu í leikskóla.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Starfsþróunarsamtöl
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Hafa fleiri en tvö snerpusamtöl á skólaárinu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ákveða dagsetningar þannig að það sé sýnilegt hvaða dagar eru til snerpusamtala
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Stjórnendur með því að fara yfir hversu mörg samtöl hafa náðst
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fjöldi snerpusamtala sem stjórnendateymi tekur





4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl voru tekin af deildarstjórum við starfsmenn deilda. Stjórnendur fengu niðurstöður samtala frá deildarstjórum. Stjórnendur tóku deildarstjóra í samtal.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Stjórnendateymi leikskólans fór á námskeið á vegum mannauðsskrifstofu SFS þar sem farið var yfir mikilvæga þætti í tengslum við stjórnun í leikskólanum. Starfsmannahópurinn fór í eitt skipti í Saga Story house þar sem við höldum áfram á námskeiðinu sem við byrjuðum á skólaárið 2024 – 2025. Starfsmenn fengu fræðslu um málörvun og málþroska barna. Við munum fara áfram þangað og stefnum á að klára þau tvö skipti sem eftir eru í námskeiðinu. Hópur starfsmanna fór í námsferð til Tallin í Eistalandi og Helskinki í Finnlandi.

Ekki er búið að skipuleggja fræðsluerindi á starfsdögum 2026 – 2027 en stefnt er að umfjöllun um hvernig við tökumst á við krefjandi hegðun, foreldrasamstarf, málörvun og að efla góðan starfsanda.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í byrjun hausts sendir Breiðholtsskóli heimsóknardagskrá og mun því áætlun liggja fyrir í upphafi skólaárs 2026-2027. Samstarf milli Bakkaborgar og Breiðholtsskóla gekk vel skólaárið 2025-2026. Skólaheimsóknir voru vel skipulagðar og vel tekið á móti börnunum. Börnin fengu því góða kynningu á starfi skólans og mæta betur undirbúin fyrir skólann fyrir vikið. Íþróttastarf elstu deildar fór fram í íþróttahúsi Breiðholtsskóla fyrir áramót en eftir áramót fóru börnin í íþróttir í ÍR-heimilinu.

Samstarf Bakkaborgar og Breiðholtsskóla 2025-2026

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Október 2025 til desember 2025	Íþróttir – elstu börnin	Íþróttahús Breiðholtsskóla	Deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
11. september 2025	Leikskólabörn koma og leika á skólalóð Breiðholtsskóla	Útisvæði Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg





15. október 2025	Leikskólabörn koma í skólaheimsókn í stofur þar sem lesin var saga, borðað nesti og spjallað, útivera.	Skólastofa fyrsta bekkjar í Breiðholtsskóla, útisvæði	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
11. og 25. nóvember 2025	Leikskólabörn koma í íþróttatíma hjá 1. bekk, í frímínútur og borða í matartíma	Íþróttasalur Breiðholtsskóla Breiðholtsskóli	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
28. janúar og 25. Febrúar 2026	Heimsókn leikskólabarna á bókasafn skólans	Bókasafn Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
4. mars 2026	Leikskólabörn heimsækja frístundaheimilið Bakkasel og leika á skólalóð	Frístundaheimilið Bakkasel	Forstöðumaður Bakkasels og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
25. mars 2026	Leikskólabörn koma í skólaheimsókn í stofu þar sem þau horfa á sögu, borða nesti, spjalla og fara í útiveru	Skólastofa fyrsta bekkjar í Breiðholtsskóla, útisvæði	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari
20. og 21. maí 2026	Vorskóli þar sem leikskólabörn koma með kennurum sínum	Kennslustofur fyrsta bekkjar í Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/





	og fá að kynna skólalátunina.		umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
21. maí 2026	Leikskólabörnum og foreldrum er boðið á vorhátíð skólans sem haldin verður seinni part dags.	Skólalátun Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og foreldrafélag Breiðholtsskóla
Maí/júní 2026	Skil á milli skóla	Breiðholtsskóli	Deildarstjóri, sérkennslustjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónarkennari

7. Foreldrasamstarf

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Vegna fjölda foreldra sem þurfa á tálkaþjónustu að halda hafa, í stað eins stórs funds, verið haldnir minni foreldrafundir þar sem foreldrum gefst kostur á að bjóða sig fram, og auk þess sendur út tölvupóstur þar sem óskað var eftir þátttöku foreldra. Samskipti við foreldraráð hafa að mestu farið fram í gegnum tölvupósta.

Það verður áskorun næsta skólaárs að fylla í skarð þeirra sem eru að hætta með börnin sín í Bakkaborg vegna útskriftar og flutnings. Við þökkum fráfarandi foreldraráði kærlega fyrir þeirra framlag og hlökkum til komandi samstarfs með nýju foreldraráði næsta skólaár.

Foreldrafundir eða foreldrakynningar voru haldnar síðasta haust á hverri deild þar sem deildarstjórar fóru yfir viðfangsefni og áherslur deildarinnar fyrir skólaárið. Það var vel mætt og lýstu foreldrar almennri ánægju með þessa kynningu. Foreldrum barna sem voru að byrja í leikskólanum var boðið á kynningu á málþroska barna hjá talmeinafræðingum í Suðurmiðstöð í upphafi leikskólagöngunar. Það var hluti að aðlögun barnsins í leikskólanum að foreldrar tæku þátt í þessari fræðslu.





Foreldraviðtöl voru haldin að hausti og vori og skiptu deildir viðtalsdögum á milli sín og ákveðnir dagar voru valdir fyrir viðtöl þar sem óskað var eftir túlkajónustu. Reynt var að raða systkinum á sömu daga þannig að foreldrar og forráðamenn fengju samfellu í viðtölum.

Foreldrafélagið fundaði bæði hér í Bakkaborg og svo voru samskipti í gegnum tölvupósta. Þessir fundir hafa verið haldnir eftir þörfum.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2026 – 2027 eru eftirfarandi:

- 16. október 2026
- 27. nóvember 2026
- 4. janúar 2027
- 1. febrúar 2027
- 27. apríl 2027
- 28. maí 2027

Leikskóladagatal er fylgiskjal aftar í áætlun.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Innleiðing K pals á elstu deild í hópastarf tvisvar í viku til að auka samfellu milli skólastiga. Áherslur eru á að nemendur þekki aðferðina þegar þeir byrja í grunnskóla og bæti hljóðkerfisvitund og stafabekkingu á elstu deild leikskólans.	Breiðholtsskóli hélt fræðslu fyrir starfsfólk um K pals aðferðina desember 2025. Á skólaskilum fær Breiðholtsskóli upplýsingar frá Bakkaborg um þá nemendur sem gætu þurft meiri stuðning í K-pals/Pals þegar í grunnskóla er komið.	Ekki er þörf á styrk.



10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat Bakka 2025-2026



Styrkleikar

Félagsfærni – Markmið var að efla vináttu barnanna, starfsfólk hjálpi börnunum að tengjast í gegnum leik og að börnin fái að leika í litlum hópum. Gerð var KVAN greining á starfsdögum og metið hvar börnin stóðu innan barnahópsins og markmiðið var að efla þau börn sem þurfti á því að halda. Þetta náðist að stórum hluta, börnin fengu góð tækifæri til að leika í litlum hópum og tengjast.

Sjálfsþing – Markmiðið var að börnin gætu klætt sig sjálf í skófatnað og húfu. Gætu staðið fyrir framan barnahópinum og sagt nafn sitt og sungið eitt lag eða sagt frá einhverju. Þetta hefur tekist að hluta.

Málörvun – Markmiðið var að auka þemastarf á deildinni. Það hefur tekist að stórum hluta.

Tækifæri

Sjálfsþing – Vinna meira með sjálfsþingum meðal annars að klæða sig sjálf, bæði í útifatnað (húfa og skór) og sokka, standa frammi fyrir barnahópnum og tala til dæmis að segja nafn sitt og syngja eða segja frá einhverju.

Málörvun – Vera duglegri í að gefa 10. Skipulagðar lestrarstundir.

Félagsfærni – Vinna markvissar með Blæ, læra mörk og að vera góðir vinir.



10.2 Umbótaáætlun Bakka 2026-2027

Bakki/1-2 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin geti klætt sig sjálf í útifatnað (a.m.k. húfu og skó) sem og í sokka. Að börnin geti staðið frammi fyrir barnahópnum og talað, t.d. sagt nafn sitt eða sagt frá einhverju.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fjölga fötum og skóm í dótakassa svo börnin geti æft sig í leik. Hvetja þau og leyfa þeim að æfa sig í fataklefa. Gefa þeim tækifæri í samveru eða hópatímum til að tala fyrir framan hópinn, þá fá þau sem eiga erfitt með það tækifæri í minni hópum.
Ábyrgð	Hópstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Þegar börnin eru orðin örugg og hópastarf hefst, um október og fram að sumri.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið við að fylgjast með þeim í leik, fataklefa, samveru og hópatímum og skráð á skráningarblað í desember og aftur í apríl hvernig framfarir eru. Einnig rætt á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Útbúa skráningarblöð þar sem merkt er við þegar unnið er með markmið og þá er hægt að sjá hversu markvisst var unnið.





Bakki/1-2 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markvissara gefðu 10. Skipulagðar lestrastundir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa gefðu 10 meira sýnilegt og minna hvort annað á. Skipuleggja lestrastundir eftir kaffitíma þar sem lesin er a.m.k ein bók eða loðtöflusaga.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deild.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax eftir aðlögun líkur og fram í maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningarblað við borðin þar sem lesið er og skráningarblað fyrir gefðu 10. Ræða á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skráningarblöð fyrir lestrarstundir skoðuð og séð hversu oft er verið að lesa. Skoða hvort merkt hafi verið daglega við gefðu 10.





Bakki/1-2 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna markvissara með Blæ og kenna börnunum um mörk og að vera góðir vinir
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í hópátímum.
Ábyrgð	Hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Um leið og hópastarf hefst eða eftir að börn eru aðlöguð að fullu og fram í maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hópstjórar merki á skráningarblað þegar þeir eru með Blæ stund. Minna á á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skoða skráningarblöðin, hvort merkt hafi verið við þá daga sem var hópastarf.



10.3 Innra mat Álfhóls 2025-2026



Styrkleikar

Sjálfsþing: Markmið var að börnin stæðu á holukubb og segi frá í samveru. Það gekk vel að gera það, en við byrjuðum á því í mars og öll börnin náðu að æfa sig í að standa og tala fyrir framan hóp.

Félagsfærni: Markmiðið var að auka vináttu það átti að nota Blæ vináttubangsa til þess. Þetta gekk vel, farið var yfir Blæ myndirnar í hópastarfi og rætt um tilfinningar, vináttu og mörk. Vel gekk að nota Blæ bangsana til að hugga og auka öryggi.

Tækifæri

Málörvun: Markmiðið var að vera með flæðilestur fyrir hvern hóp einu sinni í viku. Það náðist ekki að koma því í fast skipulag og því tækifæri næsta vetur til að styðja betur við málörvun inni á deild næsta vetur.



10.4 Umbótaáætlun Álfhóls 2026-2027

Álfhóll/2-3 ára börn	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnin læri íslensku máhljóðin
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera með vikulega Lubba stund
Ábyrgð	Deildastjóri og annað starfsfólk á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í október og líkur í lok maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða stöðuna á deildarfundi í nóvember og aftur í mars.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að búið verði að fara yfir öll Lubbahljóðin sem stefnt var að.





Álfhóll/2-3 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri að syngja þemalögin
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Syngja í samverustundum/morgunsamveru
Ábyrgð	Deildastjóri og allir á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	október til lok maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða stöðuna á deildarfundi í lok hvers þema.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Í lok hvers þema taki öll börn þátt í þemalögnum.



10.5 Innra mat Dvergasteins 2025-2026



Styrkleikar

Félagsfærni – Markmið var að vinna markvisst með félagslega stöðu barna á deildinni þannig að öll börnin fengu tækifæri til að vera í jákvæðum og öruggum tengslum innan barnahópsins. Lögð var sérstök áhersla á vináttu, samskipti og þátttöku í leik, meðal annars með verkefninu Blæ þar sem unnið var með tilfinningar, samkennd og samskiptafærni. Einnig var félagsleg staða barnanna metin með KVAN greiningu fjórum sinnum yfir skólaárið, sem gaf skýra mynd af stöðu þeirra og framvindu. Árangurinn var góður, sérstaklega í að styðja börn sem voru í hópnum „týnd“ og „hafnað“, en með markvissri þátttöku fullorðinna í leik, leiðsögn og hvatningu tókst að auka þátttöku þeirra og efla tengsl við önnur börn. Jafnframt var unnið að því að styrkja sjálfstraust barnanna og hjálpa þeim að finna sér hlutverk í hópnum.

Málörvun – Markmið var að efla málörvun á deildinni og styrkja starfsfólk í notkun aðferðarinnar „Gefðu 10“, þar sem lögð er áhersla á að skapa markviss tækifæri til samskipta og málnotkunar í daglegum aðstæðum. Það gekk vel að innleiða þessa nálgun og starfsfólk varð meðvitaðra um mikilvægi þess að gefa sér tíma til samtals við börnin, hlusta á þau og hvetja til tjáningar. Börnin fengu fleiri tækifæri til að tjá sig, spyrja spurninga og taka þátt í samræðum, sem studdi við málþroska þeirra. Einnig var lögð áhersla á að nýta daglegar aðstæður, svo sem matartíma, leik og samverustundir, til að efla orðaforða og skilning barna á tungumálinu.



Tækifæri

Félagsfærni – Markmið er að starfsfólk taki virkari og markvissari þátt í leik allra barna á deildinni, með það að leiðarljósi að styðja við jákvæð samskipti, þátttöku og félagslega stöðu hvers barns. Með aukinni nærveru í leik getur starfsfólk betur greint þarfir barnanna, stutt þau í samskiptum og hjálpað þeim að þróa leikfærni, svo sem að skiptast á, semja og leysa ágreining. Einnig gefst tækifæri til að leiða börn inn í leik, sérstaklega þau sem eiga erfiðara með að taka frumkvæði eða halda sér í leik. Með því að vera virkir þátttakendur geta fullorðnir mótað jákvæða leikmenningu þar sem allir fá að tilheyra og njóta sín, auk þess að styrkja tengsl milli barnanna og efla samkennd og vináttu.

Málörvun – Markmið er að auka skráningu á „Gefðu 10“ blaðið og tryggja að sú vinna sem þegar á sér stað í samskiptum við börnin verði sýnileg og markviss. Oft á sér stað góð málörvun í daglegu starfi, en hún fer ekki alltaf í skráningu, sem getur gert erfiðara að fylgjast með framvindu og meta árangur. Með því að leggja meiri áherslu á að skrá reglulega má skapa betri yfirsýn yfir hversu oft og hvernig málörvun á sér stað, auk þess að styðja við meðvitund starfsfólks um eigin starfshætti. Það getur einnig aukið fagmennsku og samræmi í vinnubrögðum, þar sem allir eru meðvitaðir um mikilvægi þess að bæði framkvæma og skrá markvisst. Markmiðið er því að gera skráningu að eðlilegum hluta af daglegu starfi, án þess að hún verði íþyngjandi, heldur styðjandi við gæði starfsins.





10.6 Umbótaáætlun Dvergasteins 2026-2027

Dvergasteinn/3-4 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að styrkja tjáningarfærni barnanna þannig að þau geti tjáð hugsanir sínar, tilfinningar og þarfir með orðum. Að auka orðaforða og færni í samræðum. Að efla og skipuleggja þemastarf á deildinni þannig að það styðji markvisst við málþroska barnanna og virkni þeirra í leik og námi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Auka spjall við börnin í samveru. Spila og spjalla meira við börnin. Lesa bók í litlum hópum í upphafi hópastarfs. Deildarstjóri velur þema einu sinni í mánuði sem börn og kennarar vinna markvisst með (bækur, leikir, listasmiðja, verkefni o.s.frv.). Vera dugleg að skrá í Gefðu 10. Auka samstarf við sérkennslu fyrir börn sem þurfa auka málörvun.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax og nýr hópur kemur að hausti og fram að sumarfríi.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram á deildarfundum einu sinni í mánuði þar sem starfsfólk farið er yfir hvernig gangi, hvort börn séu farin að tjá sig meira og taka virkari þátt í samræðum. Einnig byggir matið á daglegum athugunum kennara og skráningum í starfi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin sýni aukna tjáningarfærni með því að nota fleiri orð, mynda setningar og taka virkan þátt í samræðum. Að börnin sýni aukinn áhuga á bókum, sögum og þemastarfi. Að þátttaka í spjalli, leikjum og hópastarfi aukist. Mat byggist á daglegum athugunum kennara, skráningum í Gefðu 10 og umræðum á deildarfundum.





Dvergasteinn/3-4 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin verði sjálfstæðari í daglegum athöfnum, t.d. að þau geti gengið sjálf frá dóti og útifötum á rétta staði. Að þau þrói með sér aukið frumkvæði í leik og starfi og geti betur skilið og farið eftir einföldum fyrirmælum. Einnig er stefnt að því að efla sjálfstraust barnanna í daglegum verkefnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Byrja með fátt dót í einu svo auðvelt sé að ganga frá og bæta svo við fleira dóti eftir því sem börnin verða færari í frágangi. Gefa þeim tímaramma eftir útiveru til að ganga frá og vera dugleg að styðja við þau börn sem gleyma eða ná ekki að ganga frá eftir sig.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax að hausti og fram að sumarfrí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Staða verkefnisins er metin á deildarfundi í desember og aftur í mars. Þar ræðir starfsfólk hvernig gengur með frágang og sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum. Mat byggist á sameiginlegum umræðum, daglegum athugunum kennara og reynslu starfsfólks af framvindu í leikskólastarfinu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að flest börn geti gengið sjálf frá leikföngum og útifötum á réttan stað án áminningar. Að börnin sýni aukið frumkvæði í daglegum athöfnum og fylgi einföldum fyrirmælum starfsfólks. Framför sést í auknu sjálfstæði barnanna yfir tímabilið. Mat byggist á daglegum athugunum starfsfólks og umræðum á deildarfundum.





Dvergasteinn/3-4 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allir geti leikið við alla og efla jákvæð samskipti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kennarar styðja börnin í leik með því að hvetja til samvinnu og jákvæðra samskipta. Þeir hjálpa börnum að tengjast hvert öðru í leik og tryggja að enginn sé út undan. Kennari er virkur þátttakandi og til staðar í leiknum til að leiðbeina, styðja við samskipti og grípa inn í ef þörf er á. Einnig er lögð áhersla á að skapa aðstæður sem hvetja til samstarfs í leik.
Ábyrgð	Deildarstóri og hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 út júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram reglulega á deildarfundum þar sem rætt er um vinatengsl og félagsleg samskipti barnanna. KVAN greining á félagslegri stöðu barnanna er framkvæmd þrisvar sinnum á ári til að meta þróun yfir tímabilið. Auk þess eru tekin óformleg viðtöl við börn einu sinni í mánuði þar sem þau tjá sig um líðan sína og upplifun í leikskólanum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að öll börn taki þátt í leik og enginn sé útundan. Að börnin sýni jákvæð samskipti, svo sem að bjóða öðrum með í leik, deila með sér og leysa ágreining með stuðningi kennara. Að niðurstöður úr KVAN greiningu sýni bætt félagslega stöðu hópsins yfir tímabilið. Mat byggist á daglegum athugunum, niðurstöðum greininga og samtölum við börn. aukið sjálfstæði í lausn einfaldra ágreiningsmála, bætt samskipti og vinátta milli barna, jákvætt viðhorf foreldra og starfsfólks, skráningar og mat sýna framfarir hjá meirihluta barna.



10.7 Innra mat Trölladyngju 2025-2026



Styrkleikar

Málörvun - Markmið var að efla málþroska, orðaforða og hlustun hjá börnum. Unnið var með markvissum hætti í gegnum fjölbreyttar daglegar athafnir. Börnin æfðu sig í að tala í heilum setningum, segja frá eigin upplifunum og taka þátt í samræðum þar sem þau spyrja og svara spurningum. Lesnar voru bækur reglulega, myndir skoðaðar og ræddar, og börnin hvött til að lýsa því sem þau sjá. Einnig var unnið með orðaforða í gegnum leiki, söngva og vísur. Börnin tóku þátt í hlutverkaleikjum og einföldum sýningum sem studdu við tjáningu og samskipti. Þau æfðu að raða myndum í rétta röð og búa til stuttar sögur, auk þess að hlusta á frásagnir og reyna að endursegja þær. Lögð var áhersla á að æfa taktskyn með söng og hreyfingu, sem og að kenna börnum að bíða eftir að kæmis að sér í röð og taka tillit til annarra í samtölum.

Sjálfsþing - Markmið var að efla sjálfstæði barna í daglegum athöfnum. Börnin æfðu sig í að klæða sig og afklæða sjálf, með áherslu á að velja viðeigandi fatnað eftir veðri. Þau unnu með færni eins og að renna rennilásum, hneppa tölum og fara sjálf í og úr skóm. Áhersla var lögð á hreinlæti og sjálfsumhirðu, svo sem handþvott fyrir mat og eftir leik. Börnin æfðu sig í að borða sjálf og hella í glas, með stuðningi þegar þurfti. Þau voru hvött til að ganga frá leikföngum eftir notkun og bera ábyrgð á eigin eignum. Jafnframt tóku börnin þátt í einföldum verkefnum í daglegu starfi, svo sem að hjálpa til við að útdeila efnivið eða leggja á borð. Unnið var markvisst að því að efla félagsfærni, þar sem börnin lærðu að vinna saman, bíða eftir sinni röð og sýna öðrum virðingu og vináttu.



Tækifæri

Málörvun - Á tímabilinu var ekki strax farið í að skipta hópnum í minni samverustundir þar sem mörg barnanna voru enn í hvíld yfir daginn. Stefnt er að því að skipta börnum í tvær til þrjár samverur strax í september til að skapa betra svigrúm fyrir virk samskipti og einstaklingsmiðaða nálgun.

Á næsta tímabili verður lögð áhersla á:

- aukna vinnu í litlum hópum,
- daglegar skipulagðar málörvunarstundir (t.d. samverustundir í hring),
- aukna notkun bóka, sagna og frásagna,
- einstaklingsmiðaðan stuðning við börn sem þurfa meiri hvatningu í tjáningu.

Sjálfsþing - Unnið var að því að efla sjálfstæði barna í daglegum athöfnum og auka ábyrgð þeirra á eigin hlutum. Börnin æfðu sig í að klæða sig og afklæða sjálf, fara í og úr skóm og nota rennilása og tölur. Sérstök áhersla var lögð á að ganga frá fötum eftir útiveru í fataklefa, en þar kom í ljós þörf á frekari þjálfun og endurtekningu.

Til að auka ábyrgð og þátttöku verður prófað að innleiða hlutverk „umsjónarmanns“ eða „hjálpars dagsins“, sem minnir önnur börn á að ganga frá í fataklefanum og styður við skipulag daglegra verkefna.

Á næsta tímabili verður lögð áhersla á:

- markvissa þjálfun í að ganga frá fötum og persónulegum eigum,
- innleiðingu fastra hlutverka og ábyrgðarverkefna fyrir börn,
- áframhaldandi eflingu sjálfstæðis í máltíðum og hreinlæti,
- jákvæða styrkingu og hrós fyrir sjálfstæð vinnubrögð.





10.8 Umbótaáætlun Trölladyngju 2026-2027

Trölladyngja/4-5 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markmiðið er að efla félagsfærni barna markvisst, með áherslu á: að styrkja sjálfsmynd og öryggi í félagslegum aðstæðum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<p>Skipulag:</p> <ul style="list-style-type: none">• reglulegar samverustundir í litlum hópum (2 sinnum á dag),• daglegir samveruhringir þar sem rætt er um tilfinningar og samskipti. <p>Aðferðir og verkefni:</p> <ul style="list-style-type: none">• samvinnuleikir og hópefli sem þjálfa félagsfærni,• hlutverkaleikir og leikræn tjáning (t.d. að leysa ágreining),• lestur á sögum og umræður um hegðun og tilfinningar persóna. <p>Einstaklingsmiðaður stuðningur:</p> <ul style="list-style-type: none">• einstaklingsviðtöl og stuðningur við börn sem eiga í erfiðleikum í samskiptum. <p>Umhverfi og daglegar venjur:</p> <ul style="list-style-type: none">• styrkja jákvæða hegðun með hrósi og hvatningu. <p>Samstarf við foreldra: ráðleggingar til foreldra um hvernig styðja má félagsfærni heima.</p>
Ábyrgð	Deildarstóri og hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	- upphaf: september 2026 - lok: júní 2027 framkvæmd stendur yfir allt skólaárið





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	<ul style="list-style-type: none">- Daglegt óformlegt mat (athuganir),- endurmat: janúar 2027,- lokamat: júní 2027. <p>Reglulegar athuganir á hegðun og samskiptum barna, matsblöð fyrir félagsfærni (TRAS, KVAN), greining á skráningum og dagbókum.</p>
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<p>börn taka oftari þátt í samvinnu og sameiginlegum leik, dregur úr ágreiningi sem krefst íhlutunar fullorðinna, börn geta tjáð tilfinningar sínar á einfaldan og viðeigandi hátt, aukið sjálfstæði í lausn einfaldra ágreiningsmála, bætt samskipti og vinátta milli barna, jákvætt viðhorf foreldra og starfsfólks, skráningar og mat sýna framfarir hjá meirihluta barna.</p>





Trölladyngja/4-5 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla markvissa málörvun í öllu daglegu starfi leikskólans þannig að börn fái fjölbreytt tækifæri til að tjá sig, auka orðaforða og efla hlustunarfærni. Sérstök áhersla á samræmi milli deilda og að málörvun sé samþætt leik og daglegum athöfnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Auka notkun opinna spurninga í samskiptum við börn. Auka læsishvetjandi umhverfi (bækur, orð, myndir). Halda fræðslu og handleiðslu fyrir starfsfólk um málörvun. Skapa sameiginleg verkfæri (t.d. orðakort, mánaðarþema).
Ábyrgð	Deildarstjóri. Allt starfsfólk ber ábyrgð á daglegri málörvun.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustönn (ágúst/september). Umbótavinna er stöðug en formlegt endurmat fer fram í maí/júní ár hvert.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram tvisvar á ári (vetur og vor). Notaðar aðferðir: athuganir í leik, rýnihópar starfsmanna, viðtöl við börn, skráningar á málþroska og fundir deilda.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn sýna aukinn orðaforða og betri tjáningu í daglegum samskiptum. Starfsfólk notar markvissar aðferðir í málörvun daglega. Málörvun sé sýnileg í skipulagi og umhverfi leikskólans. Aukin virkni barna í samræðum og frásögnum.





Trölladyngja/4-5 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla sjálfsfellingu barna þannig að þau þrói með sér sjálfstæði, sjálfstraust og getu til að taka ákvarðanir, leysa vandamál og tjá eigin hugmyndir í leik og daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Auka val barna í leik og verkefnum. Nota opnar spurningar og hvetja til sjálfstæðrar hugsunar. Gefa börnum tækifæri til að klæða sig sjálf, ganga frá og taka þátt í ákvörðunum. Innleiða „ég get sjálf/sjálfur“ nálgun í daglegu starfi. Styðja starfsfólk í að draga sig til baka þegar börn geta leyst verkefni sjálf.
Ábyrgð	Deildarstjóri. Allt starfsfólk ber ábyrgð á að styðja sjálfsfellingu barna í daglegu starfi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst við upphaf skólaárs (ágúst/september). Unnið er stöðugt yfir skólaárið. Formlegt mat fer fram í maí/júní ár hvert.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram tvisvar á ári. Notaðar aðferðir: athuganir í leik, skráningar starfsmanna, rýnihópar, viðtöl við börn og deildarfundir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn sýna aukið sjálfstæði í daglegum athöfnum (t.d. klæða sig, velja leik, ganga frá). Þau taka meiri þátt í ákvörðunum og tjá skoðanir sínar. Starfsfólk styður sjálfsfellingu meðvitað og dregur úr óþarfa íhlutun. Sjálfsfelling er sýnileg í leikskólabrag og daglegu starfi.



10.9 Innra mat Skessubóls 2025-2026



Styrkleikar

Félagsfærni: Það var stefnt að því að börnin myndu eflast félagslega, lærðu að deila leikföngum og skiptast á. Þetta var gert með því að ræða um vináttu í samverustundum, verkefnum sem tengdust uppeldisstefnu leikskólans, Uppeldi til ábyrgðar, og með Blæ, vináttubangsnum. Þetta gekk vel fyrir sig og var ákveðinn styrkur fólgin í því að mörg börn voru á deildinni þetta árið og því ekki um annað að ræða en að skiptast á og leika saman.

Sjálfsþing: Frá upphafi skólaársins lagði starfsfólk áherslu á að börnin fengju bæði frelsi og ábyrgð. Í fataklefanum áttu öll börn að reyna að klæða sig fyrst sjálf áður en aðstoð var boðin og á móti fengu þau meira sjálfstæði í fatavali fyrir útiveru, innan skynsamlegra marka þó. Við matarborðið fengu börnin að reyna sig við að skammta sér sjálf og að hella í glös. Tónleikar á Barnamenningarhátíð skipuðu stóran sess í deildarstarfinu á vorönn. Börnin æfðu lög og fluttu fyrir framan fullan sal í Hörpunni og sú reynsla verður þeim mjög dýrmæt.



Tækifæri

Þemavinna: Þemavinna hefði mátt vera markvissari og meira tengd við almennt starf inni á deild.

Samþætting við bókalestur og vettvangsferðir hefði getað verið betri og það hefði verið hægt að leggja meira upp úr þematengdri orðaforðainnlögn. Uppeldi til ábyrgðar, uppbyggingarstefna leikskólans, hefði einnig mátt vinna meira með í almennu starfi utan hópstarfs.

Málörvun: Það var vissulega margt sem gekk vel í málörvunarstarfi Skessubóls, bókalestur fór fram að minnsta kosti einu sinni á dag og tilraunaverkefnið K-PALS gekk mjög vel og verður unnið með það í hópstarfi næsta vetur. Það hefði mátt skipta börnum eftir íslenskukunnáttu í hvíld svo að öll börn fái bækur sem hæfa þeirra málskilningi. Einnig hefði mátt vinna betur með gefðu 10, skipta oftar um börn á listanum og vinna það verkefni á faglegri máta.





10.10 Umbótaáætlun Skessubóls 2026-2027

Skessuból/5-6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri að leika sér saman þannig að allir geti tekið þátt og leyst úr ágreiningi á ásættanlegan máta.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipulagðar valstundir eftir hádegi og í frjálsum leik. Eftirfylgd og leiðbeiningar frá starfsfólki.
Ábyrgð	Deildarstjóri, hópstjórar, annað starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá september og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum, að minnsta kosti einu sinni á önn, þar sem farið er yfir stöðu barna í hópnum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin geti leikið með margvíslegum leikfélögum og leikið í sátt og samlyndi.





Skessuból/5-6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að bókalestur inni á deild hæfi tungumálagetu barnanna og að þemavinna auki við orðaforða.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipta börnum eftir íslenskukunnáttu í hvíld. Nota mánaðarþema við val á bókum og við verkefni inni á deild.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá september og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum, að minnsta kosti einu sinni á önn og annars eftir þörfum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Auðheyranlegur munur á tjáningu og málskilningi. Bæting í HLJÓM prófi þar sem það á við.





Skessuból/5-6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka sjálfshjálp og þar með sjálfstraust barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með því að leggja áherslu á sjálfstæði við matarborð og í fataklefa. Að börnin fái að takast á við verkefni sjálf sem þau ráða við.
Ábyrgð	Deildarstjóri, hópstjórar og aðrir á deild.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá september og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið reglulega yfir árið á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin eflist bæði af getu og sjálfstrausti og mæti á næsta skólastig tilbúin og spennt fyrir nýrri áskorun.





10.11 Innra mat – Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2025-2026

Styrkleikar

Málörvun sérkennslu: Flest börn sem áttu að fá málörvun hjá sérkennslu fengu um 24 auka málörvunartíma eins og stefnt var að og sum fleiri tíma en það. Gott samstarf hófst milli sérkennslu og Dvergasteins með samræmingu orðaforða sem unnið var með. Foreldrar barna á Dvergasteini voru upplýstir um það sem verið var að vinna með hverju sinni og orðaforðalisti sendur heim mánaðarlega svo foreldrar gætu stutt við íslenskunám barnanna heima.

Stuðningur við málörvun inni á deild: Sumarið 2025 fengu deildarstjórar kynningu á þemavinnu og haldinn var fyrirlestur um þætti læsis og aðferðir til að styðja við læsi leikskólabarna á starfsdegi. Verkefnastjóri fjölmenningar hitti deildarstjóra nokkrum sinnum yfir veturinn til að ræða hvernig gengi með almenna málörvun inni á deild.

Tækifæri

Málörvun sérkennslu: Tækifæri eru til að styðja betur við íslenskunám eldri barna sem eru nýkomin til landsins og að gera auka málörvun markvissari með áætlun fyrir hvern aldurshóp. Einnig er tækifæri til að bæta skráningu á málörvun og samstarf við foreldra á fleiri deildum við íslenskunám barna sinna.

Stuðningur við málörvun inni á deild: Tækifæri eru til að auka stuðning við deildir með markvissari og reglulegri samtölum við deildarstjóra og viðveru á deildarfundum. Einnig að halda áfram með fræðslu fyrir starfsfólk og deildarstjóra um málörvun og fjölmenningu.





10.12 Umbótaáætlun fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2026-2027

Umbótapáttur/matspáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun sérkennslu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gera auka málörvun markvissari og bæta skráningu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera nákvæma áætlun um hvað verður gert í auka málörvun fyrir hvern aldurshóp. Gera mánaðarlega skráningu um framfarir í málþroska barnanna.
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmenningar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Undirbúningur hefst vorið 2026 lýkur sumarið 2027. Málörvunaráætlun verður undirbúin fyrir hvern mánuð frá september til júní. Skráningarblöð fyrir framfarir verða gerð fyrir hvern mánuð.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Í lok hvers mánaðar verða fyllt út skráningarblöð þar sem merkt er við hvaða orð hvert barn hefur lært og hvernig þeim gekk með önnur viðfangsefni málörvunar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að við lok skólaárs 2026-2027 verði tilbúin málörvunaráætlun sem hægt sé að vinna með áfram. Að börn í auka málörvun nái framförum sem greina má í mánaðarlegri skráningu á árangri málörvunar og sem framfarir í stöðluðum skimunum.





Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stuðningur við málörvun inni á deild
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka samtal og samstarf við deildir um málörvun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Festa reglulega fundi með deildarstjórum til að ræða um málörvun inni á deild og hvað deildin gæti þarfnast til að bæta starfið. Viðvera á deildarfundum í samráði við deildarstjóra. Fræðsla um samræðulestur á starfsdegi.
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmennningar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – Maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal við hverja deild á deildarfundum í desember 2026 og maí 2027 til að meta samstarfið og þróun málörvunar á deildinni.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að deildarstjórar og deildarstarfsfólk finni fyrir meira öryggi í málörvun og telji málörvun hafa aukist á deildinni yfir veturinn.



Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: **Bakkaborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdag, afmæli	1 F Nýársdagur	1 M Skipulagsdagur BB	1 F Farsældarvika	1 F	1 L Veraklýðsdagurinn	1 Þ Skil starfsættun	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M Gerbaktur 1.-4.12.	2 L	2 Þ	2 Þ Farsældarvika	2 F Alþj. dagur einhverfuð	2 S	2 M Útskrift elstu barna	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M Farsældarvika	3 L	3 M	3 F Útskriftaferð	3 L
4 Þ	4 F Sumarlökun	4 S	4 M	4 F	4 M Skipulagsdagur	4 F	4 F Farsældarvika	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L Sumarlökun	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F Farsældarvika	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S Sumarlökun	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F Uppstigningardagur	6 S Sjömannadagurinn	6 Þ
7 F	7 M Sumarlökun	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S Dagur tónlistarskólans	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	8 F	8 M Bolludagur og VÍKA	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M Grænn dagur	9 M	9 L	9 Þ Sprengidagur	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F Sumarlökun	10 L Gulur dagur	10 L Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	10 Þ	10 F	10 S	10 M Óskudagur	10 L	10 M	10 F Skólasit grunnskóla	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F Litlu jólin	11 M 11.-15.1.- Vasaljósvika	11 F	11 F Táknmálsins og 112 dagurinn	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F Rauði dagurinn - hjórtíu	12 M	12 M	12 L	12 M Sumarlökun til og með
13 F	13 S	13 Þ	13 F Leikfangadagur	13 S	13 M	13 L	13 L Dagur líkamsvirðingar	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ Sumarlökun
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S Dagur stærðfræðinna	14 M	14 F	14 M	14 M Sumarlökun
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M 15.-19. Tannverndarvik	15 F	15 L	15 Þ	15 F Sumarlökun
16 S	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 F Skipulagsdagur	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S Hvítasunnudagur	16 M Sumarhátíð Bakkaborg	16 F Sumarlökun
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F Lestrar átak.16.-26.	17 F	17 M	17 M	17 L	17 M Annar í Hvítasunnu	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F Söngstund og jólaftada	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F Fjölubíar dagur	19 F	19 L	19 Þ	19 F Alþj.d downs 21.3	19 M	19 M	19 L	19 M Sumarlökun
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 F Dagur mannréttinda	20 S	20 M	20 L Alþjóðlegi móðurmálsa	20 L Alþjóðlegan tannvernd	20 Þ Barnamenningarhátíð	20 F	20 S Sumarlökun
21 F	21 M	21 M	21 L Bleiki dagurinn,söngst	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur - upphaf	21 S Pálmasunnudagur	21 M	21 F Alþj. menningarlegur	21 M Sumarlökun
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur - upphaf Porra	22 M	22 M Vetrarfrí	22 M Skráningardagur	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 F Sumarlökun
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa,rauð	23 L	23 Þ	23 Þ Skráningardagur	23 Þ Skráningardagur	23 F Umhverfisdagur	23 S	23 M Sumarlökun
24 M	24 F Skólasetning grunnskóla	24 L	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M Skráningardagur	24 L Skráningardagur	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F Skirdagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L Evrópski tungumálad.	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F Giltrandí dagurinn,söng	26 F Fóstudagurinn langi	26 M	26 M Vorskóli	26 L	26 M Sumarlökun
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 F Náttafotadagur, bangst	27 S Skipulagsdagur BB	27 M	27 L	27 L	27 Þ Menntastefnumót Sta	27 F Vorskóli, varhátíð	27 Þ Sumarlökun
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 L Skráningardagur	28 F	28 S	28 S Páskadagur	28 M	28 F Skipulagsdagur	28 M Sumarlökun
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F Skráningardagur	29 F	29 M	29 M Annar í Páskum	29 F	29 L	29 F Sumarlökun
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M Hrekkjavaka	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F Sumarlökun
31 M		31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M	31 M Leikfangadagur og söngstund	31 M	31 M Höfuðskrautdagur,söngstund	31 L

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða fridagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfríis og skráningardagar eru tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

F. h. leikskólans Bakkaborgar
Reykjavík 3. júní 2026

Elín Freyja Eggertsdóttir leikskólastjóri



10.13 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs barst með tölvupósti 3. júní 2026

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Áherslur starfsáætlunar samræmast starfi leikskólans síðasta árs að okkar mati. Við sjáum vel að starfsmannahópurinn vinnur vel saman, það virðist ríkja góður andi í Bakkaborg og það skilar sér til barnanna. Metnaðurinn er einnig mikill í Bakkaborg og þar sem það er mikil fjölmennning innan leikskólans sjáum við að það er rík áhersla á málörvun, söng, læsi og einnig er áhersla á að efla aðra þroskaþætti hjá börnunum. Stjórnun leikskólans er góð þar sem starfsmenn virðast vera öruggir um hvað starfið felur í sér og fengu viðeigandi fræðslur yfir árið, sem skilar sér svo í starfið. Samstarf leikskólans við Breiðholtsskóla, ÍR og Bakkasel gekk mjög vel. Foreldrasamstarfið gekk einnig vel þar sem þátttaka foreldra, kynningar fyrir foreldra og foreldrafundir voru vel skipulagðir og flestir foreldrar ef ekki allir virtust sáttir með fyrirkomulagið.

Áherslur deildanna eru einnig vel settar fram í starfsáætlun og samræmast því starfi sem fer fram daglega innan leikskólans. Það er rík áhersla á málörvun, félagsfærni og sjálfsefningu sem eru mikilvægir þættir fyrir þroska og vellíðan barnanna.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er sett fram með aðgengilegum hætti, það er auðvelt að lesa hana og áherslur leikskólans ásamt tækifærum til umbóta koma vel fram í henni. Uppsetningin er fagmannleg og umbótaáætlanirnar fyrir hverja deild eru sérstaklega vel settar fram, þar sem markmið, aðgerðir, ábyrgð og viðmið eru sett fram á greinagóðan hátt.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlunin veitir góða innsýn inn í starfið. Hún sýnir skýrt hvernig unnið er með mismunandi aldurshópa á hverri deild og hvernig áherslur þróast með aldrinum, frá félagsfærni og sjálfsefningar markmiðum hjá yngstu börnunum upp í flóknari félagslegar og málarslegar áherslur hjá elstu deildinni. Sérstaklega gleðilegt er að sjá hve nákvæmt samstarfið við Breiðholtsskóla er skjalfest, sem gefur foreldrum góða mynd af því hvernig börnin eru undirbúin undir skólagöngu. Námsferð





starfsmanna til Tallinn og Helsinki er einnig þess virði að nefna sérstaklega – slík miðlun á sjónarmiðum er dýrmæt og styður við þróun starfsins til lengri tíma.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Starfsáætlunin er mjög vel gerð, það mætti einnig vera meiri áhersla á flotta sérkennslu starfið sem á sér stað í leikskólanum.

Málörvun og foreldrasamstarf: Mjög jákvætt er að sjá hve kerfisbundið er unnið með málörvun á öllum deildum og hvernig foreldrar barna á Dvergasteini fengu mánaðarlegar upplýsingar og orðaforðalista heim. Við hvetjum til þess að þessi nálgun nái til fleiri deilda á komandi ári.

Starfsþróun: Gleðilegt er að sjá að stjórnendateymið fór á námskeið í mannauðsmálum og að starfsmenn fengu fræðslu í Saga Story house. Við hlökkum til að fylgjast með áhrifum þessarar þekkingarsóknar á starf komandi árs.

Fjölmening: Þar sem rúmlega 60% barnanna er af erlendum uppruna er sérstaklega gott að sjá að umbótaáætlun fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er vel útfærð og markviss. Við hvetjum til þess að foreldrar þessara barna fái enn frekari tækifæri til að taka þátt í íslenskunámi barnanna sinna í samstarfi við leikskólann.

Samstarf við grunnskóla: Samstarfið við Breiðholtsskóla er fyrirmyndarleg og skjalfesting þess í starfsáætluninni er dýrmæt. Við vonumst til að K-pals þróunarverkefnið skili sér vel og hlökkum til að heyra um niðurstöður þess.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Erla Sonja Guðmundsdóttir
Hekla Dögg Sveinbjarnardóttir
Katrín Rós Þrastardóttir
Þóra Björg Sirrýjardóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



